



Alþingi
Erindi nr. P 136/527
komudagur 16.12.2008

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og skattanefndar

Reykjavík 12. desember 2008

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

0812700SA JF
Tilv.: Skattar

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1991 um aukatekjur ríkissjóðs 226. mál

Lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari breytingum. Í 4. gr. frumvarpsins sem kveður á um breytingu á 17. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs er gert ráð fyrir að greiða skuli 150 kr. fyrir hverja blaðsíðu, allt að tíu blaðsíðum, en 50 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram tíu þegar gögn eru afrituð eða afhent með rafrænum hætti.

Samband íslenskra sveitarfélaga telur nauðsynlegt að gera athugasemdir við þetta ákvæði frumvarpsins. Í greinargerð með frumvarpinu segir að engin lagaheimild sé nú fyrir gjaldtöku vegna afhendingar efnis með rafrænum hætti, þrátt fyrir að slík afhending hafi stórauðist. Mikilvægt er að gæta hófs í gjaldtökuheimildum og telur sambandið rétt að benda á að ekki er neitt samræmi á milli gjaldtökuheimildarinnar og raunkostnaðar við afhendingu gagna með rafrænum hætti.

Rétt er að vinna og kostnaður kann að skapast við það að færa prentað efni á tölvutækt form en í þeim tilvikum sem gögn eru þegar rafræn er ekki um að ræða kostnað vegna hvernar blaðsíðu sem send er. Í þeim tilvikum sem prentað efni er fært á tölvutækt form samkvæmt beiðni er eðlilegt að innheimt sé gjald fyrir þá þjónustu en engin rök eru fyrir því að innheimta gjald fyrir hverja blaðsíðu sem send er með tölvupósti. Í þessu sambandi vakna einnig spurningar um hvort í frumvarpinu felist stefnubreyting um að efni sem er á vefsíðum ríkisstofnana og ráðuneyta, verði ekki tiltækt nema til komi gjaldtaka fyrir notkun þess.

Þá er rétt að vekja athygli á því að um sömu fjárhæð er að ræða og fyrir endurrit eða ljósrit. Eðlilegast væri að gjaldtökuheimild fyrir sendingu rafrænna gagna væri lægri en þegar um er að ræða endurrit eða ljósrit. Mikilvægt er að hafa umhverfissjónarmið í huga og með lægra gjaldi fyrir rafræn gögn má ætla að komið verði í veg fyrir óþarfa notkun pappírs.



Mismunandi reglur gilda um gjaldtöku ríkis og sveitarfélaga, en gjaldtaka sveitarfélaga byggir á gjaldskrá sem forsætisráðherra hefur sett á grundvelli upplýsingalaga nr. 50/1996. Samkvæmt henni er heimilt að innheimta 10 til 20 kr. fyrir ljósrit af gögnum sem afhent eru á grundvelli upplýsingalaga. Ljóst er að mikill munur er á heimildum ríkissjóðs skv. lögum um aukatekjur ríkissjóðs og umræddri frumvarpsgrein og gildandi gjaldskrá skv. upplýsingalögum og þann raunkostnað sem hlýst af afritun og afhendingu gagna hvort sem er í endurriti eða með rafrænum hætti.

Samband bendir einnig á að verði frumvarpið að lögum er eðlilegt að veita sveitarfélögum sambærilega heimild og ríkissjóði er veitt með 17. gr., enda eðlilegt að sveitarfélögum líkt og ríkissjóði sé heimilt að innheimta gjöld vegna kostnaðar sem þau verða fyrir við afhendingu endurrita og ljósrita.

Samband íslenskra sveitarfélaga leggur til að gildissvið 4. gr. frumvarpsins verði takmarkað og verði svohljóðandi:

Fyrir afritun og afhendingu gagna með rafrænum hætti, sem ekki eru þegar til í rafrænu formi, skal greiða 150 kr. fyrir hverja blaðsíðu, allt að tíu blaðsíðum, en 50 kr. fyrir hverja blaðsíðu umfram tíu.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Guðjón Bragason
Sviðsstjóri lögfræðisviðs